

## Samstarfssamningur embættis ríkislögglustjóra og Samtakanna '78 vegna fræðslu um hinsegin málefni fyrir lögreglu.

### 1. gr. Markmið

Markmið þessa samnings er að setja upp ramma utan um samstarf embættis ríkislögglustjóra (kt. 530697-2079) og Samtakanna '78 (kt. 450179-0439) vegna fræðslu um hinsegin málefni fyrir lögreglu.

Dómsmálaráðuneytið í samvinnu við ríkislögglustjóra er ábyrgt fyrir verkefni 5 í þingsályktun í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025 um fræðslu um málefni hinsegin fólks til lögreglu. Í greinargerð með aðgerðaráætluninni segir að bakslag hafi orðið um allan heim þegar kemur að réttindum hinsegin fólks og þar er trans og intersex fólk í sérstaklega viðkvæmum hópi. Meira hefur boríð á hatursonðræðu og hatursglæpum á liðnum árum. Þá verður hinsegin fólk einnig fyrir margvíslegum fordómum og beinni og óbeinni mismunun í samfélagini. Mikilvægt er að þekking sé meðal lögreglunnar um málefni hinsegin fólks svo tekið sé án fordóma og mismunar á verkefnum sem koma á borð lögreglunnar.

Ríkislögglustjóri leggur áherslu á að réttindi og jöfn staða hinsegin starfsfólks séu tryggð innan lögreglunnar. Samhliða því að bæta þjónustu lögreglunnar við hinsegin fólk þarf að tryggja að starfsumhverfi lögreglunnar sé hinseginvænt

Í þeim tilgangi er þessi samningur gerður.

### 2. gr. Hlutverk og framkvæmd

#### A. Fræðsla til starfsfólks fjarskiptamiðstöðvar ríkislögglustjóra

Ríkislögglustjóri starfrækir fjarskiptamiðstöð sem tekur við öllum símtölu til lögreglu sem berast Neyðarlínu og afgreiðir þau til úrlausnar, auk þess sem embættið annast stjórnun útkallshópa lögreglu og fyrstu viðbrögð við aðgerðastjórnun. Í því felst að forgangsraða og annast stjórnun útkallshópa lögreglu til verkefna. Ef um sérstök verkefni undir stjórn ríkislögglustjóra er að ræða, svo sem vegna útkalla sérsveitar ríkislögglustjóra eða opinberra heimsókna starfar fjarskiptamiðstöðin sem sérstök aðgerðastjórnstöð ríkislögglustjóra.

Við fjarskiptamiðstöðina starfa 26-30 starfsmenn.

Samtökin '78 skuldbindur sig til að vera með skipulagða fræðslu fyrir starfsfólk fjarskiptamiðstöðvar ríkislögglustjóra. Fræðslan fer fram einu sinni á ári á samningstímabilinu og er tvær klukkustundir. Fræðslan verður skipulögð í samráð við sviðsstjóra þjónustusviðs

SHF  
BHT

fjarskiptamiðstöðvar, sviðsstjóra öryggismálasviðs ríkislöggreglustjóra og forstöðumann Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.

### **B. Þróun á fræðsluefni fyrir lögregluna á landsvísu**

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar heyrir undir embætti ríkislöggreglustjóra. Hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs er m.a.:

- A. Annast starfsnám nema í lögreglufræðum við háskóla, sbr. 38. gr. í samstarfi við háskóla,
- B. Að hafa umsjón með símenntun lögreglumanna innan lögreglu,
- C. Að annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs,
- D. Að vera stjórmvöldum til ráðgjafar um menntun lögreglumanna,
- E. Að annast alþjóðasamskipti á vettvangi lögreglumenntunar,
- F. Að annast önnur verkefni er lúta að menntun og fræðslu lögreglu.

Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu er jafnframt heimilt að halda námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds en lögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglu og hliðstæðra embætta eða stofnana.

Samtökin 78 skuldbinda sig til að vinna stafrænt fræðsluefni um hinsegin málefni fyrir starfsfólk lögreglunnar á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs sem vistað verður á þekkingartorgi lögreglunnar og nýtt í fræðslu fyrir lögreglufræðinema, rannsóknarlöggreglunema, o.fl., eða samtals 38 klst. Þá munu Samtökin 78 kenna námskeiðin Hinsegin 101 og 201 á vegum Mennta- og starfsþróunarseturs samtals 4 klst á önn.

Samtökin 78 skuldbinda sig til að setja upp stafrænt fræðsluefni um heimilisofbeldi og hinseginleikann til að löggreglan sem vinnur með brotaþolum og sakborningum heimilisofbeldis hafi upplýsingar um birtingarmyndir ofbeldis í nánum samböndum hinsegin fólks sem samþætt verður kennsluefni lögreglunnar um heimilisofbeldi og vistað á þekkingartorgi lögreglunnar, samtals 20 klst.

Fræðslan verður unnin með starfsfólk Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar undir stjórn forstöðumanns.

### **C. Rannsókn á afbrotum gegn hinsegin fólk.**

Embætti ríkislöggreglustjóra gerir árlega rannsókn um reynslu almennings af afbrotum og viðhorfum til lögreglu (sk. þolendakönnun). Í rannsókninni er spurt um viðhorf, sýnileika, aðgengi, traust, lögmæti og heiðarleika lögreglu og samskipti við lögreglu. Jafnframt er spurt um reynslu svarenda af afbrotum þ.m.t. þjófnað, ofbeldisbrot, kynferðisofbeldi, ofbeldi í nánu sambandi og stafræn brot. Í bakgrunnsgreiningu er spurt um kyn (karl/kona), aldur, menntun og lögregluumdæmi. Ekki er spurt um kynhneigð eða kynvitund.

Í skýrslum lögreglunnar sem byggjast á skráningu í LÖKE, málaskrá lögreglunnar eru skráðar upplýsingar um sakborninga út frá kyni (karl/kona) og aldri. Ekki eru skráðar upplýsingar um kynhneigð eða kynvitund. Í samræmi við lög um nr. 80/2019 skal kyn einstaklinga skráð í opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum eins og það er skráð í þjóðskrá.

266

BW

Ríkislögreglustjóri mun bæta við kynhlutlausum valmöguleika í árlegri rannsókn um reynslu almennings af afbrotum og viðhorfum til lögreglu og svarendum gefinn kostur á að svara spurningu um kynhneigð.

Ríkislögreglustjóri mun yfirlara verkferla vegna skráningar í málaskrá lögreglunnar vegna hatusglæpa.

Ríkislögreglustjóri og Samtökin 78 munu í sameiningu óska eftir ráðgefandi álti frá Persónuvernd um hvort lögreglunni sé heimilt að skrá upplýsingar um kynhneigð eða kynvitund í málaskrá lögreglunnar.

Samtökin '78 munu veita ráðgjöf vegna breytinga á þolendakönnuninni, samtals 4 klst.

#### **D. Verklag ríkislögreglustjóra vegna beinnar og óbeinnar mismunar, kynbundins áreitis, kynferðislegs áreitis, kynbundins ofbeldis og einelti innan lögreglunnar.**

Lögreglan hefur mótað sér mannauðsstefnu og gefið út sérstefnu um einelti og kynferðislega áreitni. Þá hefur ríkislögreglustjóri gefið út verklagsreglur vegna fagráðs ríkislögreglustjóra vegna beinnar og óbeinnar mismunar, kynbundins áreitis, kynferðislegs áreitis, kynbundins ofbeldis og einelti innan lögreglunnar nr. VRL0019/2017 og skipað fagráð til að starfsfólk lögreglu hafi aðgang að aðilum sem eru óháðir lögreglunni. Jafnframt hefur lögreglan sett sér siðareglur, leiðbeiningar vegna náinna tengsla og mótuð jafnlaunastefnu

Samtökin 78 mun yfirlara þessar stefnur og gögn út frá málefnum hinsegin fólks og skila ríkislögreglustjóra ábendingum um hvað megi betur fara, samtals 10 klst.

#### **3. gr. Greiðsla**

- Fræðsla til starfsfólks fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra 99.600 kr.
- Þróun á fræðsluefnir fyrir lögregluna á landsvísu og þátttaka í fræðslu lögreglunema og starfsfólks 1.593.000 kr.
- Ráðgjöf vegna rannsókna á afbrotum á vegum lögreglunnar 99.600 kr.
- Ráðgjöf um verklag ríkislögreglustjóra vegna beinnar og óbeinnar mismunar, kynbundins áreitis, kynferðislegs áreitis, kynbundins ofbeldis og einelti innan lögreglunnar 249.000 kr.

Samtals 2.041.200 kr. Samtökin 78 senda ríkislögreglustjóra reikning fyrir hvern verkþátt, að honum loknum.

#### **4. gr. Úttekt á framkvæmd samningsins**

Í janúar ár hvert á samningstímanum skulu aðilar samnings þessa fara yfir framkvæmd hans, markmið og mælikvarða á árangur. Að úttektinni munu koma framkvæmdastjóri Samtakanna 78, sviðsstjóri þjónustusviðs ríkislögreglustjóra, forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarselurs lögreglunnar og verkefnisstjóri aðgerða gegn ofbeldi.

#### **5. gr. Gildistími samnings og uppsögn**

SKB  
BWT

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31. desember 2024.

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með  
briggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annars brot á ákvæðum samnings  
þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og hefur hvor aðili um sig eitt eintak af  
honum.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Bjarnudis Thelga Þómasdóttir

